

NÁMSMARKMIÐ Í LESTRI

Forstig 3-5 ára

Frumstig 4-6 ára

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Velur sér lesefni af ýmsu tagi og á sér uppáhalds sögur og bækur.
- Sýnir áhuga á að vita hvað stendur á skiltum, merkjum, miðum o.fl.
- Þekkir nafnið sitt þegar það er skrifað.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Heldur rétt á bók og flettir henni.
- Gerir sér grein fyrir hvar í bók saga byrjar og endar.
- Þekkir einhverja bókstafi.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Hlustar á og bregst við þegar lesið er fyrir hann.
- Talar um myndir í bókum.
- Tekur þátt í að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt í hóp (pulunám, ljóð, söngur og fl.).

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Man söguþráð úr einföldum bókum þar sem endurtekningar koma oft fyrir.
- Sýnir áhuga á texta í umhverfinu (skilti, merki...).

Viðhorf

Nemandann:

- Langar til að lesa.

Aðferðir og færni


Nemandinn:

- Þykist lesa.
- Notar myndir í bókum til að segja söguna.
- Þekkir lestraráttirnar.
- Þekkir einhverja bókstafi og hljóð þeirra.
- Þekkir sérnöfn og einstaka orð í texta.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Getur sagt frá efni bókar.
- Getur farið með rímur/pulur og tekið þátt í orðaleikjum.
- Tengir lestur bóka við eigin reynslu.



Undirbúningur 5-7 ára

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Byrjar að lesa einfaldar bækur með endurtekningum.
- Byrjar að lesa eigin texta.

Viðhorf

Nemandinn:

- Sækir í að lesa/skoða bækur.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Getur lesið í hljóði nokkrar mínútur í senn.
- Getur stuðst við myndir og texta í bókum við lestur.
- Getur skrifað bókstafi og orð í loftinu og sagt hljóð þeirra upphátt.
- Þekkir flesta bókstafi og hljóð þeirra og getur lesið léttan texta með skilningi.
- Þekkir einhver orð.
- Skynjar og fylgist með sögupræði.
- Kynnist/þekkir rithöfunda og bókatala.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Getur endursagt sögu í aðalatriðum.
- Byrjar að taka þátt í stýrðum umræðuhópum.
- Þroskar hljóðvitund sína með markvissri þjálfun.
- Leysir léttar krossgátur.
- Les úr einföldum súluritum.

Sjálfrýni

Nemandinn:

- Lítur á sjálfan sig sem lesanda.
- Getur sagt hvernig honum fannst bókin og af hverju.

Viðmið:

Raddlestur 50-100 atk./mín.

Hljóðlestur 50-100 atk./mín.

Byrjun 6-8 ára

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Getur lesið léttar og þyngri barnabækur.
- Þekkir mismunandi grunnflokka bókmennta (t.d. skáldsögur, myndasögur, þjóðsögur, ævintýri, ljóð, o.s.frv.).
- Kann helstu greinamerki og stoppar við punkta við upplestur.

Viðhorf

Nemandinn:

- Velur sér lesefni og bækur við hæfi, getu, og áhuga.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Getur lesið í hljóði í stuttan tíma (10-15 mínútur).
- Nær samhengi í texta þó að hann þekki ekki öll orðin.
- Getur lesið og farið eftir skriflegum fyrirmælum.
- Þekkir endingar og beygingar orða.
- Byrjar að leiðrétta sig við villur í lestri.
- Spáir fyrir um framhald sögu.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Getur sagt frá upphafi, miðju og endi sögu og helstu persónum.

Sjálfrýni

Nemandinn:

- Áttar sig á eigin lestrarvenjum.

Viðmið:

Raddlestur 100-140 atk./mín.

Hljóðlestur 100-170 atk./mín.



Opnun 7-9 ára

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Les léttan og þyngri texta.
- Les upphátt með áherslum.

Viðhorf

Nemandinn:

- Velur, les og klárar margvíslegt lesefni við hæfi.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Les í hljóði í sífellt lengri lotum, (15-30 mínútur).
- Hljóðar sig í gegnum orð sem hann þekkir ekki.
- Eykur orðaforða með því að nota merkingu orða og samhengi í texta.
- Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða.
- Fylgir rituðum fyrirmælum stig af stigi.
- Þekkir kaflaheiti og efnisyfirlit.
- Kann stafrófið og nýtir sér það.
- Getur notað bókasafn.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Dregur saman og endursegir viðburði sögu í rétttri röð.
- Ber saman líkar og ólíkar persónur og atburði í sögu.
- Spyr spurninga úr efni bókar.
- Les úr mismunandi myndritum.

Sjálfrýni

Nemandinn:

- Tengir eigin reynsluheim við lesefni.

Viðmið:

Raddlestur 140-170 atk./mín.

Hljóðlestur 170-200 atk./mín.

Að brúa bil 8-10 ára

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Les meðalþungar bækur.
- Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta.
- Les upphátt með mismunandi blæbrigðum.

Viðhorf

Nemandinn:

- Velur lesefni eftir getu.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Notar yfirlitslestur með notkun innhaldslýsinga, fyrirsagna, glósa og stikkorða.
- Eykur orðaforða með því að nota orðabækur og heimildir.
- Fylgir sjálfstætt, rituðum fyrirmælum í mörgum þrepum.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Ræðir umgjörð, söguþráð, persónur og sjónarhorn.
- Gerir greinarmun á staðreyndum og skáldskap í rituðum texta.
- Tengir milli höfunda, bóka og sjónarhorns.
- Getur tekið þátt í bókmenntaumræðum minni hópa.
- Notar dæmi til að styðja við hugmyndir og mat (álit).
- Les upplýsingar úr grófum, listum, töflum og kortum.

Sjálfrýni

Nemandinn:

- Sýnir sjálfstæði í vali bóka.

Viðmið:

Raddlestur 200-250 atk./mín.

Hljóðlestur 250-350 atk./mín.



Flæði 9-11 ára

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Les barnabækur sem reyna á færni í lestri.
- Les fjölbreyttan texta áheyrilega og á viðeigandi hraða.

Viðhorf

Nemandinn:

- Velur, les og lýkur við fjölbreytilegar bókmenntir á eigin forsendum.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Les æ lengur í hljóði (30 -40 mínútur).
- Byrjar að nota orðabækur, greinar úr blöðum, netið og heimildatexta til að afla sér upplýsinga og auka orðaforða.
- Safnar upplýsingum með því að nota fyrirsagnir, efnisyfirlit og orðalista á sjálfstæðan hátt.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Getur rætt efni bókar og boðskap hennar.
- Þjálfar nýjan orðaforða munnlega og skriflega í tengslum við bókmenntir.
- Er farinn að öðlast dýpri skilning á texta og lesa á milli línanna.
- Er farinn að leysa þyngri krossgátur.
- Mælir með bókum við aðra.
- Les úr kortum.

Sjálfryni

Nemandinn:

- Er farinn að setja sér markmið og veit hvernig hann getur aukið lestrarfærni sína.

Viðmið:

Raddlestur 220-300 atk./mín.
Hljóðlestur 300-400 atk./mín.

Leikni 10-13 ára

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Les þyngri barnabækur sem reyna á færni í lestri.
- Les og skilur upplýsingatexta (s.s. auglýsingar, tímatöflur, vörulista, handbækur og bæklinga).
- Les smásögur, frásagnir, ævintýri, goðsagnir, þjóðsögur og ljóð.
- Byr sér til áætlun við val á lesefni.
- Les upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Nýtir sér fjölfræðibækur, greinar, netið og heimildatexta til að afla sér upplýsinga á sjálfstæðan hátt.
- Nýtir sér orðabækur og samheita-orðabækur til að bæta orðaforða sinn.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Byrjar að ræða bókmenntir með tilliti til stíls, fléttu, aðalpersóna og boðskapar.
- Þekkir bókmenntahugtök (s.s. líkingar, myndlíkingar, persónugervingar og forspár).
- Byrjar að kryfja bókmenntatexta í litlum umræðuhópum.
- Bætir orðaforða sinn við lestur mismunandi lesefnis.
- Kafar eftir dýpri skilningi með því að lesa á milli línanna í bókmenntatexta.
- Safnar upplýsingum og les úr flóknaði gröfum, kortum, töflum og myndritum.


Sjálfryni

Nemandinn:

- Les sér til ánægju.

Viðmið:

Raddlestur 250-350 atk./mín.
Hljóðlestur 350-450 atk./mín.



Texti og upplestur

Nemandinn:

- Les þungar barnabókmenntir og bókmenntir ætlaðar ungu fólki.
- Velur, les og lýkur fjölbreyttum tegundum bókmennta.
- Les valda texta úr Íslendingasögum eða –þáttum.
- Les upphátt, reiprennandi, með tjáningu og sjálfsöryggi.

Viðhorf

Nemandinn:

- Byrjar að velja sér krefjandi lesefni.
- Velur sér afþreyingarefni við sitt hæfi t.d. á bókasafni.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Safnar uppl. úr heimildatexta til að þróa dýpri skilning á efni.
- Safnar, greinir og nýtir sér upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum.
- Getur lesið margvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Getur krufið bókmenntatexta og tekið þátt í umræðum um bókmenntir í litlum hópum.
- Áttar sig á hugtökunum tími, umhverfi, aðal- og aukapersónur.
- Þekkir hugtökin rím, ljóðstafir og braglína.
- Túlkar og greinir lesefni með gagnrýnum huga.
- Byrjar að þróa gagnrýna hugsun til þess að meta bókmenntir.
- Leitar eftir skoðunum annarra um bókmenntir.

Sjálfrýni

Nemandinn:

- Setur sér lestrarmarkmið af eigin hvötum.

Viðmið:

Raddlestur 300-350 atk./mín.

Hljóðlestur 400-500 atk./mín.

Texti og upplestur

Nemandinn:

- Les bókmenntir ætlaðar ungu fólki og fullorðnum.
- Velur og skilur fjölbreytt lesefni auðveldlega, s.s. dagblöð, tímarit, handbækur, skáldsögur og ljóð.
- Les Íslendingasögu í fullri lengd.
- Les og skilur upplýsingatexta, s.s. handbækur, neytendaupplýsingar, umsóknir og önnur eyðublöð.
- Les laust og bundið mál áheyrilega þ.a. efni og form njóti sín.

Viðhorf

Nemandinn:

- Les krefjandi lesefni sér til ánægju.
- Les krefjandi efni sér til upplýsingar og til að leita svara.
- Lætur ekki deigan síga við lestur þungs texta.

Aðferðir og færni

Nemandinn:

- Safnar, greinir og nýtir sér upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum.

Skilningur og viðbrögð

Nemandinn:

- Áttar sig á mismunandi markmiðum höfundar t.d. fræðslu, skemmtun eða áróðri.
- Áttar sig á hugtökunum sjónarhorn, ris og flétta.
- Þekkir hugtökin hrynjandi og endurtekning.
- Segir skoðun sína og rökstyður í samræðum um bókmenntir.
- Eykur skilning á bókmenntatexta með því að tengja hann við aðra texta og reynslu.
- Metur, túlkar og greinir lestexta með gagnrýnum huga.

Sjálfrýni

Nemandinn:

- Ástundar lestur.

